



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

---

### **Tillaga**

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að biðstöð strætó við Hólsveg verði lögð niður.

### **Greinargerð:**

Markmið tillögunnar er að stuðla að því að leið 14 sem í dag stoppar á biðstöðinni haldi betur áætlun.

Til þess að bæta stundvísi leiðarinnar þá hefur skipulagssvið Strætó m.a. lagt til að að Reykjavíkurborg leggi af stoppistöðina Hólsveg við Langholtsveg. Einungis er stoppistöð öðru megin götunnar og aðeins 150 m að næstu stoppistöð við Sunnutorg.

Samkvæmt talningum Strætó frá því í mars á þessu ári voru 12 innstig á Hólsvegi, eða 0,8% innstiga á leiðinni þann daginn. Til samanburðar voru innstigin 241 (16%) við Hlemm og 166 (11%) við Laugardalslaug.

Á mynd 1 má sjá staðsetningu biðstöðvanna við Hólsveg og Sunnutorg og fjarlægðina á milli þeirra. Á mynd 2 má sjá talningar á leið 14 settar fram á súluriti þar sem fram kemur fjöldi innstiga á hverri stöð (súlur) og uppsafnaður farþegafjöldi á leiðinni (lína) og á mynd 3 má sjá yfirlitsmynd af biðstöðvum í nágrenninu og 300 m radíus frá þeim.

Leið 14 hefur verið í vandræðum um allnokkra hríð og var of sein (+4 mín.) í rúmlega 40% ferða á fyrsta ársfjórðungi 2023. Ástandið er erfiðast síðdegis á virkum dögum, en leiðin þræðir íbúahverfi þar sem umferð er mikil seinnipartinn. Tæplega 69% brottfara leiðar 14 á fyrsta ársfjórðungi 2023 voru þá of seinar samanborið við 38% fyrir höfuðborgarsvæðið í heild á sama tíma.


Nauðsynlegt er að bregðast við og lagfæra áætlun leiðar 14. Notendur hafa mikið kvartað undan óstundvísi leiðarinnar, bæði gegnum ábendingakerfi Strætó og á samfélagsmiðlum, enda er leið 14 vel nýtt og var sú leið Strætó sem var með flest innstig á hvern kílómetra árið 2022.

Upplýsingar um tillöguna voru lagðar fram á 38. fundi íbúaráðs Laugardals 11. september 2023. Engar athugasemdir hafa borist frá íbúaráðinu eða íbúum vegna þessa.


Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri



Mynd 1 Yfirlitsmynd af stoppistöðinni Hólsvegi við Langholtsveg sem sýnir vegalengd að næstu stöð, Sunnutorgi



Mynd 2 Talingar Strætó fyrir leið 14 Grandi-Versló á virkum degi í mars 2023 þar sem sjá má fjölda innstiga á Hólsvegi



Mynd 3 Yfirlitsmynd biðstöðva í Laugardal. Lagt er til að biðstöð á Langholtsvegi við Hólsveg verði felld niður. Leið 14 stöðvar á stöðinni þegar hún ekur til austurs, þ.e. bara í aðra áttina. Bláir hringir sýna 300 m loftlínu frá biðstöð sem er miðjuð í hringinn.